

LÖG**um breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,
nr. 63 31. maí 1979.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alpingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris, sem innlendir aðilar, þar með taldir þeir aðilar sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, fer eftir reglum sem ráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1992.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Sigurðsson.***LÖG****um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alpingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir j-lið 1. mgr. 112. gr. komi nýr stafliður, svohljóðandi:

k. að hafa með höndum umsjón með ökunámi, eftirlit með ökukennslu og að annast öku-próf.

2. gr.

Í stað „Bifreiðaeftirlit ríkisins“ í 2. mgr. 113. gr. komi: Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Við sömu málsgrein bætist í stafrófsröð: Áhugahópur um bætta umferðarmenningu og Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga.

3. gr.

Í stað 1.–4. mgr. 114. gr. komi þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skipar stjórn Umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og auk þess þremur ráðsmönnum sem ráðherra skipar til eins árs í senn, tvo þeirra samkvæmt tilnefningu Umferðarráðs. Þess skal gætt að einhver stjórnarmanna hafi þekkingu á sviði ökukennslu.

Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs að fengnum tillögum stjórnar þess. Skipunin má vera tímabundin.

4. gr.

Í stað „framkvæmdanefndar“ í 1. mgr. 115. gr. komi: stjórnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1992.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eins og hún er ákveðin í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Erlendum skipum er óheimilt að vinna afla í efnahagslögsögu Íslands.

2. gr.

Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlandis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara.

Til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands má aðeins hafa íslensk skip, en íslensk nefnast í lögum þessum þau skip sem skráð eru hér á landi.

3. gr.

Erlendum veiðiskipum er heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.

Þetta er þó ekki heimilt þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

Erlendum veiðiskipum er ávallt heimilt að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.